



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið
Stefán Guðmundsson, ráðuneytisstjóri
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Sent rafrænt á:
urn@urn.is

Selfossi, 15. janúar 2026
2601069HS SG

Efni: Upplýsingar um verkefni úr samþykktum sveitarfélaga

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands (HSL) hefur móttengið bréf Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytisins (URN), þar sem óskað er eftir samantekt á þeim verkefnum HSL eru ábyrgð embættisins og fram koma í samþykktum eða reglum þeirra sveitarfélags/sveitarfélaga, þ.e. þau verkefni sem ekki koma fram í lögum og reglugerðum.

Rétt er að taka fram að flest ef ekki öll verkefni sem heilbrigðiseftirlit innir af hendi eru nánast öll einmitt falin í lögum og reglugerðum, en þau eru ekki alltaf sýnileg því eðli starfsemi heilbrigðiseftirlits er að á meðan allt leikur í lyndi þá eru okkar störf ósýnileg almenningi og yfirvöldum en um leið og eitthvað bjátar á þá erum við mætt til að rannsaka mál og leiða til lykta m.a. í þeim tilgangi að koma í veg fyrir svo sem kostur er að sagan endurtaki sig. Slíkt á við t.d. um matarsýkingar og aðrar hópsýkingar sem einmitt hafa komið upp á Suðurland í ríkjum mæli undanfarið ár eins og Ársskýrsla 2024 ásamt starfsskýrslu til loka ágúst 2025 ber með sér, sjá slóð: https://hsl.is/wp-content/uploads/2025/09/Arsskyrsla_2024_loka.pdf

Annað mál er náttúruhamfarir sem á undanförunum árum hafa verið á Suðurlandi. Allir muna eftir Eyjafjallajökulsgosinu 2010, Grímsvatnagosinu 2011, Suðurlandsskjálftum 2008 sem kröfðust starfskrafta, reynslu og þekkingar heilbrigðisfulltrúa og eru ofangreind dæmi um mikilvægi staðþekkingar svo viðbragðstími sé sem stytstur.

Í ársskýrslunni eru m.a. dregin fram þau verkefni sem er ekki sérstaklega rukkað fyrir og aðildarsveitarfélögin greiða fyrir með beinum framlögum, s.s. 288 mál um skipulagsumsagnir sem krefjast sér færði- og staðþekkingar auk þess sem þær taka tíma, 253 umsagnir til sýslumanna vegna rekstrarleyfa og tækifærisleyfa. Þá eru ótalin tæplega 300 starfsleyfi sem voru gefin út á árinu 2024, að undangenginni úttekt heilbrigðisfulltrúa, byggingafulltrúa og umsögn skipulagsfulltrúa.

Vöktun neysluvatns með tilheyrandi sýnatöku, auk skilgreiningar og eftirlits með vatnsverndarsvæðum er umfangsmikið verkefni á Suðurlandi enda hátt á annað hundrað eftirlitsskyld vatnsból á svæðinu. Meira en 20 sundlaugar eru á svæðinu og þær fá sýnatökur baðvatns á hverju ári auk úttektar á hreinlætis- og öryggismálum. Vöktun loftgæðamæla, einnig á höfuðborgarsvæðinu er hluti af eftirlitsskyldum HSL á grundvelli eftirlits með jarðvarmavirkjunum á Hellsheiði og Nesjavöllum, eftirlit á grundvelli laga nr. 7/1998 þar sem meginmarkmiðið er að „*búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi.*“



Sýnataka á grænmeti og öðrum garðávöxtum vegna varnarefna og aðskotaefna er á verkefnalista HSL í samstarfi við MAST. Auk sýnatöku á kjöti þar sem skimað er fyrir sýklalyfjaónæmum bakteríum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands er byggðasamlag 14 sveitarfélaga á Suðurlandi og er rekið faglega sjálfstætt frá sveitarfélögunum og hefur reksturinn gengið með ágætum.

Hér að neðan er fyrst listi yfir samþykktir sem gilda fyrir svæði HSL að hluta eða í heild slóðir á samþykktirnar í heild eru undir númerunum:

Samþykktir	Nr.	Grein	Hlutverk heilbrigðiseftirlits
Samþykkt um heilbrigðiseftirlit fyrir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bs.	1270/2021	1.-9. gr.	Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, skammstafað HSL, er byggðasamlag sveitarfélaga á Suðurlandi í samræmi við 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, vegna samvinnu sveitarfélaganna um heilbrigðiseftirlit. Heimili byggðasamlagsins og varnarþing er að Austurvegi 65a, Selfossi. Eftirtalin sveitarfélög eiga aðild að byggðasamlaginu: Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Skaftárhreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus og Vestmannaeyjabær.
Samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma a sveitarfélaganna á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs.	nr.326/2022	1. gr.	Samþykkt þessi gildir um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Ásahrepps, Bláskógabyggðar, Flóahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps, Hveragerðisbæjar, Mýrdalshrepps, Rangárþings eystra, Rangárþings ytra, Skaftárhrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Sveitarfélagsins Árborgar, Sveitarfélagsins Ölfuss og Vestmannaeyjabæjar eins og þau eru skilgreind í aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga og í samræmi við 9. gr. reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn. Skipting vatnsverndarsvæða fer samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, með síðari breytingum, nr. 533/2001. Ákvæði samþykktarinnar um brunn- og grannsvæði gildir ekki um einkavatnsból og vatnsból fyrir staðbundna starfsemi, nema þau séu starfsleyfis skyld samkvæmt reglugerð um neysluvatn. Önnur ákvæði samþykktarinnar, svo sem er varðar starfsleyfis skyldu framkvæmdar og ákvæði er varða varnir gegn mengun vatns, gilda þó um þau eftir því sem við á.

Lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélög í umdæmi lögreglunnar á Suðurlandi.	955/2017	22. gr.	Heimilt er heilbrigðiseftirliti, að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum þar sem tiltekinn er ákveðinn frestur eigenda til úrbóta, að fjarlægja framangreinda hluti, þ.m.t. númerslausar bifreiðar og bíflök. Sama gildir um ökutæki sem skilin eru eftir á opnum svæðum. Tilkynna skal skráðum eiganda og/eða umráðamanni um flutninginn og skal hann bera kostnað vegna flutnings og vörslu ökutækisins. Þegar lausafjármunir, s.s. hjólhýsi gámar, bátar, torgsöluhús, frístundahús sem ætluð eru til flutnings og stór samkomutjöld sem getið er um í byggingarreglugerð nr. 112/2012, eru staðsettir án stöðuleyfis skal leyfisveitandi krefja eiganda um að fjarlægja þá innan eðlilegs frests, þó aldrei lengri frests en eins mánaðar, að öðrum kosti verði það gert á kostnað eiganda.
Samstarfsverkefni um seyruverkefnið	hófst 2015 sjá slóð á vef	slóð á samning	Verkefnið er samstarfsverkefni sveitarfélaganna, Landgræðslunnar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og reka sveitarfélögin móttökustöð fyrir seyru á Flúðum og annast hreinsun rotþróa í sveitarfélögunum. Sveitarfélögin Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur standa að seyruverkefninu. Seyruverkefnið eru rekið undir byggðasamlaginu Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita bs. (UTU). UTU sér um að halda utan um seyruverkefnið, móttöku á seyru, annast hreinsun á rotþróm og rekstur verkefnisins.

Til viðbótar við ofangreint eru tvö sveitarfélög á svæði HSL þátttakendur í **Life Icwater verkefni** sem má finna um allt land. Hér er er um að ræða Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshrepp með **Þingvallavatn** sem viðfangsefni og sér Heilbrigðiseftirlit Suðurlands um þann hluta verkefnisins sem snýr að hvatningu til sumarhúsaeigenda til að gera úrbætur í fráveitu við Þingvallavatn. Um fráveitu á verndarsvæði Þingvalla gilda sérstakar og strangari reglur en annars staðar og er markmiðið að HSL fái yfirsýn yfir fráveitu á svæðinu, fræða almenning og leiðbeina eigendum sem þurfa að gera úrbætur með vísun í lög nr. [85/2005](#) og reglugerð nr. [650/2006](#) og [vatnatilskipun](#) á grundvelli laga nr. [36/2011](#).

Skipaskoðanir er verkefni yfir allt landið og er vert að nefna og verður væntanlega áfram hjá sveitarfélögunum hvað sem gert verður við önnur eftirlitsverkefni, með tilheyrandi útgáfu vottorða vegna sóttvarnarundanþágu fyrir millilandaskip í samstarfi við Samgöngustofu og er byggt á sérstakri reglugerð nr. 1655/2023 um sóttvarnavottorð og sóttvarnaundanþágu fyrir skip.



Að lokum er hér að neðan listi yfir þær samþykktir sveitarfélaganna þar sem heilbrigðiseftirlitið hefur hlutverki að gegna:

Samþykktir	Nr.	Vefslóðir
SAMÞYKKT um fráveitur í Ásahreppi	865/2022	https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_865_2022.pdf
SAMÞYKKT um fráveitur og rotþrær í Bláskógabyggð	787/2025	https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_787_2025.pdf
SAMÞYKKT um meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð.	1322/2019	https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_1322_2019.pdf
SAMÞYKKT um takmörkun hundahalds í Hrunamannahreppi	296/2013	https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_296_2013.pdf
Samþykkt um kattahald í þéttbýli í Bláskógabyggð	156/2025	https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_156_2025.pdf
SAMÞYKKT um meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi.	1198/2019	https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_1198_2019.pdf
Samþykkt um fráveitur í Flóahreppi	867/2020	https://www.floahreppur.is/static/files/samtykkir/umh20010867-samthykkt-fraveitur-floahreppur_undirritad.pdf
SAMÞYKKT um hundahald í Flóahreppi	425/2010	https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_425_2010.pdf
SAMÞYKKT um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi.	1230/2021	https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_1230_2021.pdf
SAMÞYKKT um fráveitur í Hrunamannahreppi.	909/2010	https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_909_2010.pdf
SAMÞYKKT um takmörkun hundahalds í Hrunamannahreppi	296/2013	https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_296_2013.pdf
Samþykkt um kattahald í Hrunamannahreppi.	295/2013	https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_295_2013.pdf
Samþykkt um fráveitu Hveragerðis	245/2011	https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_245_2011.pdf
Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hveragerðisbæ	737/2025	https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_737_2025.pdf
Samþykkt um kattahald í Hveragerðisbæ	556/2007	https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_556_2007.pdf
Samþykkt um hundahald í Hveragerðisbæ	555/2007	https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_555_2007.pdf
Samþykkt um fráveitur og rotþrær í Grímsnes- og Grafningshreppi	1566/2025	https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_1566_2025.pdf
Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi	900/2023	https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_900_2023.pdf
Samþykkt um hundahald í Grímsnes- og Grafningshreppi	60/2012	https://www.gogg.is/static/files/Samthykktir/samthykkt-um-hundahald.pdf
Samþykkt um fráveitu í Mýrdalshreppi	227/2007	https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_227_2007.pdf
Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Mýrdalshreppi	478/2024	https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_478_2024.pdf
Samþykkt um hunda- og kattahald í Mýrdalshreppi.	757/2008	https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_757_2008.PDF
Samþykkt um fráveitu í Rangárþingi ytra	151/2022	https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_151_2022.pdf
SAMÞYKKT um hunda- og kattahald í Rangárþingi ytra	632/2012	https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_632_2012.pdf
SAMÞYKKT um fráveitu í Rangárþingi eystra	846/2021	https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_846_2021.pdf
SAMÞYKKT um meðhöndlun úrgangs á starfssvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.	1088/2020	https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_1088_2020.pdf
SAMÞYKKT um hundahald í Rangárþingi eystra	442/2013	https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_442_2013.pdf
SAMÞYKKT um kattahald í Rangárþingi eystra.	298/2013	https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_298_2013.pdf
SAMÞYKKT um fiðurfé í Rangárþingi eystra utan skipulagðra landbúnaðarsvæða	1705/2023	https://www.hvolsvollur.is/static/files/Stjornsysla/samthykkt-um-fiðurfe-i-rangarthingi-eystra.pdf



Samþykkt um hunda- og kattahald í Skaftárhreppi	970/2015	https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_970_2015.pdf
Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Skaftárhreppi.	325/2024	https://island.is/stjornartidindi/nr/14f9ab19-32ba-41a2-ae57-2a390d14552b
SAMÞYKKT um fráveitur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi	1030/2025	https://island.is/stjornartidindi/nr/32855213-97ea-4f90-9f32-7b6e8a2edd9d
SAMÞYKKT um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.	498/2010	https://www.skeidgnup.is/static/files/eigin.skjol/samthykkt-um-medhondlun-urgangs-i-skeida-og-gnupverjahreppi-nr.-498-2010.pdf
SAMÞYKKT um hundahald í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.	85/2007	https://www.skeidgnup.is/static/files/eigin.skjol/samthykkt-um-hundahald-2007.pdf
Samþykkt um fráveitu í Sveitarfélaginu Árborg	1403/2023	https://island.is/stjornartidindi/nr/573197d3-9c74-4fad-8df2-a5328ac3d822
SAMÞYKKT um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Árborg	262/2024	https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_262_2024.pdf
Samþykkt um hundahald Sveitarfélaginu Árborg	440/2013	https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_440_2013.pdf
SAMÞYKKT um hæsnahald í Sveitarfélaginu Árborg	550/2022	https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_550_2022.pdf
Lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjabæ.	1320/2021	https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_1320_2021.pdf
SAMÞYKKT um meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjabæ	761/2005	https://www.vestmannaeyjar.is/cdn/documents/Reglur-Gjaldskrar/Umhverfis-og-framkvaemdasvid/samthykktum_medhondlunurgangs.pdf?v=1751467386
Samþykkt um fráveitu í Vestmannaeyjabæ	012/1995	https://www.vestmannaeyjar.is/cdn/documents/Reglur-Gjaldskrar/Umhverfis-og-framkvaemdasvid/reglugerd-um-holraesagjald.pdf?v=1751467384
Samþykkt um hunda- og kattahald í Vestmannaeyjabæ	776/2014	https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_776_2014.pdf
Samþykkt um fráveitur í Sveitarfélaginu Ölfusi	60/2004	https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_60_2004.pdf
SAMÞYKKT um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Ölfusi	1565/2025	https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_1565_2025.pdf
Samþykkt um hundahald í Sveitarfélaginu Ölfusi	?	https://www.olfus.is/static/files/Thjonusta/Umhverfismal/samthykkt-um-hundahald-i-olfusi-2011.pdf
SAMÞYKKT um kattahald í Sveitarfélaginu Ölfusi.	178/2006	https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_178_2006.pdf

Samantekt þessi getur aldrei orðið tæmandi listi.
Allar nánari upplýsingar veitir undirrituð.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri

